



## 2. FRÉTTABRÉF, DESEMBER 2022


# Fréttir og upplýsingar umum NTC verkefnið!

### Rannsókn í þáttöku- löndum



Hluti af NTC (Need To Connect) verkefninu er að vinna þarfagreiningu í þáttökulöndum sem fólst í, samantekt um stöðu og stuðning við ungra mæðra ásamt því að framkvæma spurningakönnun og taka viðtöl við mæður og fagaðila.

Fæðingarorlof er í boði í öllum Evrópulöndum en umgjörðin er mismunandi. Í löndum eins og Íslandi og Hollandi miðar umgjörðin að því að stuðla að jafnrétti kynjanna með jafnskiptingu á umönnun og heimilishaldi á milli mæðra og feðra. Í öðrum löndum snýr umgjörðin að mestu að mæðum og því að gera þeim kleift að sjá um börn og heimili, þannig að pressan er öll á mæðrunum.



Formlegur stuðningur í öllum löndunum miðast að mestu við heilsu móður og barns, með áherslu á barnið. Óformlegur stuðningur er af ýmsum toga og erfitt að finna rannsóknir eða áreiðanlegar upplýsingar um hann, samanber stuðningur á borð við mæðra- og barnahópa sem er algengast að mæður í millistétt nýti sér.

Allsstaðar ríkir sú menning þar sem móðurhlutverkið er óaðskiljanlegur hluti kvenleikans, oft sett fram sem hápunktur tilveru konunnar. Móðurhlutverkinu er lýst sem, fullnægjandi og ánægjulegri reynslu.



Vilnius University



The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



## 2. FRÉTTABRÉF, DESEMBER 2022

Internetið getur verið gagnlegur vettvangur fyrir samskipti á milli mæðra, en það getur líka skapað firringu, neikvæða og niðurrífandi upplifun. Mikilvægt er nota gagnrýna hugsun í samskiptum, læra að setja sér og örðum mörk, eitthvað sem er þörf á meiri fræðslu og þjálfun um.

Að ástunda listsköpun getur verið ákveðin hvíld frá áreitni netmiðla og dægurmenningunni og gefið mæðrum kost á að vinna úr móðurupplifuninni og skapa rými fyrir raunverulega og persónulega tjáningu á móðurhlutverkinu.

Frekari upplýsingar á heimasíðunni:

**[needtoconnect.eu](https://needtoconnect.eu)**



### 2. fundur samstarfsaðila

Dagana 4.-5. október 2022 hittust samstarfsaðilarnir í Sofíu í Búlgaríu. Þeir notuðu tækifærið til að móta hugmyndir um námsskrá og námsefni, ræða þróun verkefnisins, hvernig megi tryggja gæði og áhrif verkefnisins.

Deildu skoðun þinni og reynslu með okkur og taktu þátt í verkefninu!



Tengiliður:  
[info@cis-es.org](mailto:info@cis-es.org)



Vilnius University



The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.